

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 27. mars 2013 í máli nr. E-8545/2009:

Guðjón Magnússon

(Guðmundur Birgir Ólafsson hrl.)

gegn

Advania hf.

(Gunnlaugur Úlfsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 4. mars síðastliðinn, var höfðað 30. júní 2009 af Guðjóni Magnússyni, Bæjarholti 5, Hafnarfirði, gegn Advania hf., Grensásvegi 10, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til greiðslu miskabóta að fjárhæð 1.500.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. gr. laga um vexti og verð tryggingu nr. 38/2001 frá þingfestingardegi, 30. júní 2009, til greiðsludags. Einnig er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins auk virðisaukaskatts.

Kröfur stefnda eru aðallega þær að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda en til vara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá krefst stefndi þess að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt málskostnaðar reikningi eða að mati dómsins.

Málið var upphaflega höfðað gegn EJS ehf. og Magnúsi Steinari Norðdahl. Dómur var kveðinn upp í málinu 12. nóvember 2010 en hluti hans var ómerktur með dómi Hæstaréttar 19. janúar 2012. Refískröfu stefnanda á hendur þessum stefndu var vísað frá héraðsdómi og öðrum kröfum á hendur Magnúsi var einnig vísað frá dómi. Hinn áfrýjaði dómur var ómerktur hvað varðar aðrar kröfur í málinu á hendur EJS ehf. sem vísað var heim til löglegrar meðferðar og er sá þáttur málsins hér til úrlausnar. Í þinghaldi 5. september sl. kom fram að EJS ehf. hefði runnið inn í Advania hf. og væri síðarnefnda félagið því réttur aðili að málinu. Aðild stefnda var frá þeim degi breytt í samræmi við það.

Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna

Stefnandi hóf störf hjá stefnda í maí 2006 og vann hjá honum þar til 3. febrúar 2009 er hann lét af störfum samkvæmt samkomulagi málsaðila þann dag um starfslok. Stefnandi starfaði sem tæknimaður á hýsingarsviði og var einn helsti sérfræðingur stefnda í Microsoft hugbúnaði en stefndi er upplýsingatæknifyrirtæki og selur

tölvur, miðlarabúnað og ýmsa þjónustu sem tengist slíkri starfsemi. Fram hefur komið að seint á árinu 2008 hafi stefnandi sagt upp störfum hjá stefnda. Þá hefur komið fram að stefnandi hafði ráðagerðir um að stofna nýtt fyrirtæki eftir að hann léti af störfum hjá stefnda.

Í apríl 2009 lagði stefndi fram útprentaða tölvupósta í lögbannsmáli sem hann rak gegn stefnanda en stefndi taldi skjölin vera til sönnunar um það að stefnandi hefði brotið gegn starfsskyldum sínum gagnvart stefnda. Stefnandi telur hins vegar að með því að sækja umrædda tölvupósta, sem hafi verið í einkatölvupóstfangi hans, hafi stefndi brotið gegn honum. Stefnandi krefst miskabóta úr höndum stefnda vegna þessa og vísar í því sambandi meðal annars til b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Krafa stefnanda er byggð á því að stefndi hafi framið innbrot í einkapóstfang hans. Hann hafi enn fremur breytt skjölum í þeim tilgangi að hylja uppruna þeirra. Þá hafi stefndi sýnt utanaðkomandi aðilum útprentaða einkatölvupósta stefnanda. Með þessu hafi stefndi brotið gegn ákvæðum stjórnarskrár Íslands um friðhelgi einkalífs, sbr. lög nr. 33/1944, mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, skaðabótalögum nr. 50/1993, almennum hegningarlögum nr. 19/1940, lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og lögum um fjarskipti nr. 81/2003.

Af hálfu stefnda er miskabótakröfunni mótmælt en stefndi telur að ekki séu skilyrði til að verða við henni. Efni það sem fram komi í tölvuópstunum varði hagsmuni stefnda og ráðgerðir stefnanda og fleiri þáverandi starfsmanna stefnda um að skaða viðskiptasambönd stefnda. Forstjóra hjá stefnda hafi borist upplýsingar um alvarleg brot stefnanda og sex annarra fyrrverandi starfsmanna stefnda á starfs- og trúnaðarskyldum sínum gagnvart stefnda. Þeir hafi allir sagt upp störfum hjá stefnda á tímabilinu 26. september 2008 til 4. febrúar 2009. Þeir hefðu markvisst og skipulega um nokkurra mánaða skeið unnið að því að koma undan trúnaðargögnum og atvinnuleyndarmálum í eigu stefnda. Tilgangurinn hafi verið að nýta þau hjá nýju fyrirtæki sem stefnandi og sexmenningarnir hafi ætlað að stofna og reka í samkeppni við stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Af hálfu stefnanda er málsatvikum lýst þannig að samkomulag um starfslok hans hjá stefnda hafi verið undirritað 3. febrúar 2009. Hann hafi látið af störfum samdæmgurs. Hann hafi fengið greidd laun í uppsagnarfresti og áunnið orlof hafi verið gert upp. Starfslok hafi því átt sér stað með fullri sátt á milli aðila.

Eftir að stefnandi lauk störfum hjá stefnda hafi því verið haldið fram af hálfu stefnda að stefnandi hefði brotið trúnað gagnvart honum með því að koma undan trúnaðargögnum og atvinnuleyndarmálum. Enn fremur hafi því verið haldið fram af hálfu stefnda að stefnandi ætlaði að koma á fót fyrirtæki í samkeppni við stefnda.

Þessum ásökunum hafi verið fylgt eftir af hálfu stefnda með því að krefjast lögbanns við því að stefnandi starfaði í samkeppni við stefnda hjá einkahlutafélaginu XA ehf. Því til sönnunar hafi stefndi meðal annars lagt fram

Útprentaða tölvupósta úr einkanetfangi stefnanda gudjon@gudjon.is auk einkatölvupósta frá öðrum fyrrverandi starfsmönnum stefnda.

Stefnandi hafi einnig verið með lénið XA.is sem hafi verið skráð í október 2008. Sjö netföng hafi verið stofnuð inn á lénið, þar á meðal netfang stefnanda, og hafi þau öll verið hýst hjá Símanum. Lénið hafi verið afskráð þar 12. janúar 2009.

Netföng og tölvupóstur þessara sjö aðila, þar á meðal stefnanda, hafi síðan verið skoðaður og prentaður út eins og sjáist glögglega á þeim gögnum sem stefndi hafi lagt fram í lögbanismálinu. Útilokað sé að komist hafi verið yfir tölvupóstana með öðrum hætti enda sé einn þeirra áframsent skeyti á sendanda og annað frá heima banka þar sem staðfesting á millifærslu hafi verið send. Til að komast yfir þær upplýsingar verði að fara beint í netfang viðkomandi.

Tölvupóstum, sem lögð hafi verið fram í lögbanismálinu, hefði verið breytt frá upp runalegri mynd til að reyna að fela uppruna þeirra. Reynt hafi verið að láta líta út fyrir að tölvupóstarnir hafi komið úr „hotmail account“. Auk þess hafi lína verið afmáð sem ávallt sé neðst á útprentunum þar sem fram komi hvar og hvenær póstur hafi verið prentaður út.

Þar sem stefndi sé hýsingaraðili fyrir tölvupóstfangið gudjon@gudjon.is teljist hann jafnframt ábyrgðaraðili samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Honum beri skylda til að varðveita upplýsingar og koma í veg fyrir að meðferð slíkra upplýsinga sé með þeim hætti sem viðhöfð hafi verið í málinu. Þar sem stefndi hafi brotið verulega gegn skyldum sínum gagnvart stefnanda sé krafist miskabóta vegna ólögmætrar meingerðar gegn friði og æru stefnanda.

Stefnandi hafi á engan hátt brotið trúnað gagnvart stefnda, hvorki fyrir né eftir starfslok. Stefndi hafi hins vegar gerst sekur um mjög alvarlegt trúnaðarbrot gagnvart stefnanda með því að afla, skoða og nýta sér einkatölvupósta stefnanda af netfangi hans. Sömu ólögmætu aðferðum hafi verið beitt gagnvart öðrum starfsmönnum stefnda. Í framhaldinu hafi stefndi sent út dreifibréf þar sem óhróðri hafi verið dreift um stefnanda sem eigi sér enga stoð.

Stefnandi telji þá háttsemi stefnda að skoða tölvupósta hans og leggja þá fram í dómsmáli vera brot á trúnaði í vinnusambandi aðila og ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, hvort sem fyrrsvarsmaður eða annar starfsmaður stefnda hafi viðhaft þá háttsemi. Alvarlegra sé þó að skoða einkanetfang stefnanda og einkamál hans sem á engan hátt hafi tengst störfum hans hjá stefnda. Stefnda hafi verið óheimilt að skoða og nýta tölvuskeyti þessi. Stefndi sé ábyrgðaraðili og sem slíkur beri hann ábyrgð á meðferð upplýsinga sem unnið hafi verið með í óþökk stefnanda og sé í andstöðu við lög. Stefndu hafi afbakað tölvuskeytin til að reyna að fela uppruna þeirra auk þess sem þau hafi verið lögð fram í lögbanismáli 10. febrúar 2009.

Með framkomu sinni hafi stefndi brotið gegn friðhelgi einkalífs stefnanda sem tryggð sé í 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 33/1944, 8. gr. mannréttinda sáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1944, lögum nr. 77/2000 og lögum um fjarskipti nr. 81/2003. Um sé að ræða refsiverðan verknað sem brjóti í bága við 228. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 enda hafi stefndi komist yfir gögnin með

brögðum og opnað þar einkabréf stefnanda. Stefnandi krefjist miskabóta samkvæmt b-lið 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Telja verði að stefndi hafi komist inn á einkanetfang stefnanda með því að fara inn á netfangið gudjon@gudjon.is sem hafi verið í hýsingu hjá stefnda. Stefndi hafi komist yfir netföng og lykilorð með ólögumætum hætti, auk þess sem reynt hafi verið að hylja uppruna tölvupóstanna sem síðar hafi verið lagðir fram í lögbannsmálinu. Það að brjótast inn í netföng og skoða tölvuskeyti sem þar voru, prenta þau út og leggja fram í lögbannsmáli sé áþekk aðferð og að brjótast inn í læstar hirslur, sbr. 228. gr. almennra hegningarlaga.

Stefndi hafi skoðað og nýtt tölvupósta stefnanda, meðal annars með framlagningu þeirra í dómsmáli. Sönnunarbyrði fyrir því að stefndi hafi ekki komist yfir tölvu póstana með ólögumætum hætti hvíli alfarið á stefnda enda hafi stefnandi ekki að gang að tölvum eða öðrum upplýsingum sem sannreyni ólögumæta háttsemi stefnda.

Miskabóta sé krafist vegna ólögumætrar meingerðar gegn friði og persónu stefnanda með þeim hætti að komast inn á einkatölvupóstfang hans og breyta þar persónu upplýsingum, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Krafan miðist við að um mjög alvarlegt brot sé að ræða sem átt hafi sér stað í trúnaðarsambandi á milli aðila. Með tilliti til þess sé fjárhæð miskabóta hóflega ákvörðuð að mati stefnanda.

Um lagarök að öðru leyti en að framan greini vísi stefnandi sérstaklega til 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 og um málskostnað til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda

Af hálfu stefnda er vísað til þess að dómkröfur stefnanda byggðust fyrst og fremst á því að starfsmaður stefnda hefði farið með ólögumætum hætti inn á einkanetfang stefnanda gudjon@gudjon.is og komist þar með yfir umrædda tölvupósta og lykilorð að vefsvæðinu xa.is sem hafi verið í eigu stefnanda. Stefndi mótmæli þessu.

Stefnandi sé með ýmsar getgátur um hvernig stefndi eigi að hafa komist yfir tölvu póstana án frekari sönnunar. Sú grundvallarregla gildi í einkamálaréttarfari að sá sem haldi staðhæfingu fram beri sönnunarbyrði fyrir henni. Stefnandi verði að styðja fullyrðingar sínar um að tölvupóstanna hafi verið aflað með ólögumætum hætti með einhverjum sönnunargögnum. Einhliða fullyrðingar stefnanda þess efnis geti ekki talist nægilegar til að bótaskylda myndist eða að brot gegn 228. gr. laga nr. 19/1940 teljist vera sannað.

Kjarni málsins sé sá að stefnandi hafi ekki fært neinar sönnur fyrir því að stefndi hafi beitt ólögumætum aðferðum við öflun tölvupóstanna. Hins vegar hafi stefndi gert allt sem í hans valdi standi til þess að sýna fram á að stefndi hefði ekki aflað póstanna með ólögumætum hætti, meðal annars með framlagningu matsgerðar.

Skoðun stefnda á hinum útprentuðu tölvupóstum og framlagning þeirra í lögbannsmáli stefnda á hendur stefnanda sé ekki brot á 228 gr. almennra hegningarlaga og

geti því ekki verið grundvöllur bótaskyldu stefnda. Skilyrði verknaðarlýsingar umræddrar lagagreinar séu ekki uppfyllt.

Í fyrsta lagi sé ekki um að ræða að stefndi hafi verið að hnýsast í einkanetföng aðila heldur hafi útprentuð eintök tölvupóstanna fyrst verið lesin af stefnda eftir að eintök þeirra hafi borist fyrirsvarsmanni stefnda. Í öðru lagi geti innihald tölvupóstanna ekki talist vera einkamál stefnanda sem komi stefnda ekki við. Þvert á móti bendi tölvupóstarnir til þess að stefnandi hafi með ólögmætum hætti brotið trúnaðar- og þagnarskyldur sínar og átt þátt í að koma mikilvægum atvinnu leyndarmálum í eigu stefnda yfir til hins nýja fyrirtækis, augljóslega í þeim tilgangi að ná viðskiptum frá þáverandi vinnuveitanda sínum, stefnda. Allir tölvupóstarnir fjalli með einum eða öðrum hætti um brot stefnanda á trúnaðarskyldum sínum við stefnda en enginn þeirra fjalli um persónuleg einkamálefni hans. Í þriðja lagi hafi stefndi ekki komist yfir gögnin með brögðum, opnað bréf eða farið í læsta hirslu eins og lagagreinin áskilji. Hvorki stefndi né aðrir starfsmenn hans hafi aflað tölvupóstanna með þeim ólögmæta hætti sem stefnandi lýsi. Við skýrslutökur í málinu við aðalmeðferð og munnlegan málflutning kom fram að Hermann Jónsson, sem hafi verið í sambandi við Guðna Þór Hauksson, þáverandi starfsmann stefnda, hefði fyrir tilviljun séð umrædda tölvupósta í tölvupósthólfi Guðna. Hann hefði látið forstjóra stefnda vita. Tölvupóstarnir sem lagðir voru fram í málinu hafi komið úr Hotmail tölvupósthólfi Guðna og því hefði ekki verið farið í tölvupósthólfið gudjon@gudjon.is.

Jafnvel þótt talið verði að framlagning tölvupóstanna í lögbannsmálinu kunni að orka tvímælis sé ekki hægt að telja hana ólögmæta enda verið að vernda mikilvæga viðskiptalega hagsmuni stefnda gegn ólögmætum aðgerðum stefnanda og sexmenn inganna. Tölvupóstarnir sýni svo ekki verði um villst að stefnandi og sexmenningarnir hafi verið að brjóta gegn hagsmunum stefnda, meðal annars með því að koma undan atvinnuleyndarmálum, eins og fram komi í nokkrum tölvupóstanna. Það að ekki sé um ólögmætan verknað að ræða fái stoð í meginreglunni á bak við 13. gr. almennra hegningarlaga um hvenær verk teljist vera refsilaust, þ.e. þau verk séu refsilaus sem nauðsyn hafi borið til að vinna í þeim tilgangi að vernda lögmæta hagsmuni fyrir yfirvofandi hættu þótt með því séu skertir aðrir hagsmunir sem telja verði mun minni.

Stefndi vísi til þess að stefnandi og sex aðrir fyrrverandi starfsmenn stefnda hafi ætlað að stofna og hefja samkeppnisrekstur við stefnda. Fyrirtækið XA ehf. hafi verið stofnað í þeim tilgangi í nóvember 2008. Eftir að upp komst um áætlanir þeirra hafi nýtt fyrirtæki verið stofnað með nafninu UTF ehf. og hafi stefnandi verið skráður einn stofnenda þess. Tölvupóstarnir sýni meðal annars hve markvisst hefði verið unnið að því að ná EMC viðskiptum frá stefnda yfir til hins nýja fyrirtækis en EMC sé einn af mikilvægustu og stærstu birgjum stefnda. Efni og innihald tölvupóstanna hafi verið þess eðlis að fyrirsvarsmenn stefnda hafi talið verulegar líkur á að stefnandi hefði meðal annars gerst brotlegur við ákvæði 9. gr. ráðningarsamnings um trúnaðarskyldur gagnvart stefnda. Umræddir tölvupóstar hafi verið lagðir fram í lögbannsmálinu í þeim tilgangi að sýna fram á hin meintu alvarlegu brot stefnanda gagnvart stefnda.

Stefnandi hafi ekki mótmælt efni og innihaldi tölvupóstanna sem röngu eða fölsuðu. Því sé einungis haldið fram að tölvupóstunum hafi verið breytt til að fela uppruna þeirra og hvaðan þeir hafi verið prentaðir út. Með því að mótmæla hvergi

efnislegu innihaldi tölvupóstanna viðurkenni stefnandi réttmæti þeirra. Þetta sé í mótsögn við það sem stefnandi hafi haldið fram við fyrirtöku lögbannsmálsins hjá sýslumanninum í Hafnarfirði þar sem hann hafi haldið því fram að hann hefði aldrei séð tölvupóstana fyrr og að hann kannaðist ekkert við efni þeirra. Stefnandi virðist því vísitandi hafa gefið rangar yfirlýsingar hjá opinberu stjórnvaldi og þannig brotið gegn 145. gr. almennra hegningarlaga.

Það sé ekki á færi stefnda að svara fyrir fullyrðingar stefnanda um að tölvupóstunum hafi verið breytt til að fela uppruna þeirra enda hafi stefndi engan þátt átt í að afla þeirra. Jafnvel þótt tölvupóstunum hafi verið breytt til að fela uppruna þeirra með þeim hætti sem stefnandi haldi fram sé hvorki um vinnslu persónuupplýsinga að ræða né að verið sé að breyta persónuupplýsingum eins og stefnandi haldi fram. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 77/2000 gildi löggin um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga en um slíkt sé ekki að ræða í þessu tilviki. Þá vísi stefnandi almennt til laga um fjarskipti nr. 81/2003 og fullyrði að brotið sé gegn þeim án þess að skýra það nánar. Stefnandi vísi ekki til neinna lagaákvæða í umræddum lögum og sé því ómögulegt að átta sig á þessum fullyrðingum hans.

Fari svo að ekki verði fallist á kröfu stefnda um sýknu sé þess krafist með vísan til framangreindra málsástæðna varðandi aðalkröfur um sýknu að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega, einkum með hliðsjón af því að stefndi hafi ávallt talið sig í fullum rétti til að gæta mikilvægra viðskiptalegra hagsmuna sinna sem stefnandi hafi ógnað með ólögumætum aðgerðum eins og komið hafi á daginn.

Um lagarök að öðru leyti en að framan greini vísi stefndi til meginreglna um sönnun. Málskostnaðarkröfu sína byggji stefndi á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Við munnlegan málflutning var málskostnaðarkröfu stefnanda mótmælt af hálfu stefnda og því haldið fram að hann þyrfti ekki sjálfur að bera kostnað af málssókninni. Þessu var mótmælt af hálfu stefnanda.

Niðurstaða

Bótakrafa stefnanda er byggð á því að farið hafi verið í tölvupósta á vegum stefnda, sem verið hafi á einkatölvupóstfangi stefnanda, en þetta hafi verið ólöglegt. Þessu er mótmælt af hálfu stefnda sem heldur því fram að tölvupóstarnir hafi komið úr tölvupósthólfi Guðna Þórs Haukssonar, sem starfaði hjá stefnda, en stefndi hafi haft aðgang að tölvupósthólfinu. Samkvæmt þessu hafi ekki verið farið í einkatölvu pósthöfund stefnanda. Engar reglur hefðu heldur verið brotnar og engin brot verið framin gegn friðhelgi einkalífs stefnanda. Tölvupóstarnir hafi ekki varðað einkalíf hans heldur hagsmuni stefnda. Í þeim komi fram að stefnandi hafi ásamt sex öðrum þáverandi starfsmönnum stefnda ætlað að ná til sín viðskiptasamböndum stefnda og hefja samkeppnisrekstur við stefnda. Efni tölvupóstanna hafi ekki verið mótmælt af hálfu stefnanda. Þá hafi ekki verið unnið með persónuupplýsingar af hálfu stefnda, eins og stefnandi haldi fram, og engin brot verið framin gegn lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga né öðrum lögum.

Fyrst verður leyst úr því hvort hér teljist sannað með fullnægjandi hætti að stefndi hafi komist yfir umrædda tölvupósta með því að beita aðferðum sem taldar verða ólöglegar.

Samkvæmt 228. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 varðar refsingu ef maður hnýsist í bréf, skjöl, dagbækur eða önnur slík gögn, sem hafa að geyma upplýsingar um einkamál annars manns, og hann hefur komist yfir gögnin með brögðum, opnað bréf, farið í læsta hirslu eða beitt annarri áþekkri aðferð. Sömu refsingu skal sá sæta sem á ólögmatan hátt verður sér úti um aðgang að gögnum eða forritum annarra sem geymd eru á tölvutæku formi, sbr. 4. gr. laga nr. 30/1998. Þótt refsikröfum hafi verið vísað frá dóminum með dómi Hæstaréttar 19. janúar 2012 byggir stefnandi engu að síður á því í málinu að háttsemi stefnda hafi verið ólögmat þar sem brotið hafi verið gegn framangreindu lagaákvæði.

Útprentanir þeirra tölvupósta sem lagðir voru fram í málinu bera með sér tvíþættan uppruna. Um það bil helmingur þeirra hefur verið prentaður út úr Microsoft Hotmail tölvupóstkerfi, eða reynt að líkja eftir því umhverfi, en hinn helmingurinn er prentaður út úr vefpóstumhverfi fyrir lénið XA.is sem hýst er hjá Símanum. Nauðsynlegt er að skoða hvort tilfelli fyrir sig.

Varðandi þá tölvupósta sem kalla má Hotmail tölvupósta verður að líta til eftirfarandi atriða:

Við vitnaleiðslur 15. febrúar 2013 kom fram í framburði Magnúsar Norðdahl, forstjóra hjá stefnda, að hann hefði fengið umrædda pósta hjá Hermann Jónssyni starfsmanni NTV. Þetta eru nýjar upplýsingar sem komu ekki fram í málinu fyrr en við aðalmeðferðina framangreindan dag en þær skipta þó verulega máli. Engar skýringar hafa komið fram á því hvers vegna þessar upplýsingar komu ekki fram fyrr, en samkvæmt málsskjölum áttu útprentanir af umræddum tölvupóstum að hafa borist inn á borð Magnúsar án þess að það væri skýrt nánar.

Samkvæmt upplýsingum Magnúsar hafði Hermann Jónsson aðgang að Hotmail tölvupósthólfi Guðna Þórs Haukssonar, fyrrverandi starfsmanns stefnda og eins sjö menninganna. Hermann staðfesti fyrir dóminum að hann hefði upplýst Magnús um efni tölvupóstanna. Hermann kvaðst hafa haft aðgang að Hotmail tölvupósthólfi Guðna frá þeim tíma að þeir störfuðu saman að tölvukennslu. Guðni kannaðist þó ekki við að hafa veitt Hermann umræddan aðgang, þótt Hermann fullyrði að svo hafi verið. A.m.k. virðist flest benda til þess að Hermann hafi haft umræddan aðgang, hver svo sem ástæðan fyrir því er. Magnús lýsti því fyrir dóminum að hafa hitt Hermann á starfsstöð NTV 3. febrúar 2009 og þar hafi Hermann sýnt honum tölvupósta í Hotmail tölvupósthólfi Guðna og staðfesti Hermann þetta. Tölvupóstana hafi Magnús prentað út á staðnum að sögn Hermanns. Þessi skýring getur þó í besta falli einungis staðist að hluta af eftirfarandi ástæðum :

- Suma þeirra tölvupósta sem lagðir voru fram í málinu var ekki að finna í Hotmail tölvupósthólfi Guðna.

- Dagsetning á útprentun á a.m.k. einum tölvupósti sýnir dagsetninguna 5. febrúar en ekki 3. febrúar.

- Útprentanir tölvupósta bera þess merki að átt var við innihald og útlit þeirra áður en þeir voru prentaðir.

· Slóð sem sjá má neðst á nokkum tölvupóstum sýnir að þeir voru ekki prentaðir beint út úr Hotmail póstkerfi Guðna heldur frá C-drifi tölvu og frá notanda sem hafði svokallað prófil- eða notendanafn Hermann á Windows tölvu viðkomanda.

Samkvæmt þessu standast skýringar stefnda á því hver uppruni tölvupóstanna var ekki nema að hluta til.

Ekki er með vissu hægt að segja til um atburðarásina í framhaldi af þessum fundi Magnúsar og Hermanns á starfsstöð NTV 3. febrúar 2009. Hugsanlegt er að Magnús hafi fengið notendakenni og lykilorð að Hotmail tölvupósthólfi Guðna hjá Hermanni, en Hermann lýsti því að notendakenni og lykilorð hafi hann skrifað á miða sem lá á borðinu. Þannig gat Magnús, eða einhver annar á vegum stefnda, nálgast þessa tölvupósta eftir þörfum frá hvaða tölvu sem er. Tölvupóstarnir virðast hafa verið afritaðir eða áframsendir og síðan settir upp aftur og prentaðir út 5. febrúar s.á.

Nafnið Hermann neðst í einu útprentuðu eintaki af tölvupósti gæti bent til að Hermann Jónsson hafi komið þar að þótt aðrar skýringar séu mögulegar á því. Sú skýring kom fram af hálfu stefnanda, að prófil nafnið Hermann bendi til að Hafsteinn Guðmundsson, þáverandi deildarstjóri þjónustudeildar, sem fyrir mistök hafði notendakennið Hermann löngu fyrr, hafi átt við og prentað út umrædda tölvupósta. Dómurinn telur að þrátt fyrir að þetta geti verið rétt verði ekki dregin sú ályktun af því að Hafsteinn hafi farið í tölvupósthólfið gudjon@gudjon.is. Þótt hann kunní að hafa komið að því að breyta útliti tölvupóstana og prenta þá út eftir að þeir voru sóttir í tölvupósthólf Guðna.

Út frá þessu verður ekki betur séð en að Magnús og/eða annar aðili á vegum stefnda hafi getað nálgast þá tölvupósta sem lagðir eru fram í málinu úr Hotmail tölvupósthólfi Guðna Þórs Haukssonar. Það á þó ekki við um XA.is tölvupóstana eins og síðar verður lýst. Ekkert kemur fram, hvorki í málskjöllum né vitnaleiðslum, sem sýnir að Magnús eða einhver annar á vegum stefnda hafi farið inn á tölvupóstfangið gudjon@gudjon.is í hýsingarþjónustu EJS. Matsgerðir gefa heldur ekki til kynna, hvorki af né á, hvort svo hafi verið. Fram hefur komið að tölvupóstfangið gudjon@gudjon.is var hýst í hýsingarþjónustu stefnda og sett þannig upp að tölvupóstar sem þar voru hverfa af því svæði þegar þeir eru lesnir (svokölluð „Pop“ virkni). Þegar þeir voru sóttir þá vistuðust þeir á sérstakri persónulegri möppu sem var hluti af vinnutölvupósti Guðjóns gudjon@ejs.is í tölvupóstkerfi stefnda. Á tímabilinu 3.-5. febrúar 2009 þegar meint aðgangsbrot í tölvupósthólfið gudjon@gudjon.is eiga að hafa átt sér stað hafa umræddir tölvupóstar ekki einu sinni verið aðgengilegir í tölvupósthólfi stefnanda gudjon@gudjon.is. Hins vegar er líklegt að allir þessir tölvupóstar hafi verið aðgengilegir á sérstakri persónulegri möppu sem var hluti af vinnutölvupósti Guðjóns (tölvupóstkerfi stefnda). Aðilar með kerfisstjóraréttindi hjá stefnda hefðu því getað komist í þann tölvupóst. Magnús hefði þurft aðstoð slíkra aðila til að komast í þá tölvupósta, en ekkert hefur komið fram sem styður það. Það verður því að teljast ósannað.

Niðurstöður dómkvadds matsmanns upplýsa ekki mikið varðandi þessi atriði. Hugsanlega hefði mátt leggja fyrir hann aðrar eða fleiri spurningar, en óljóst er

hvort slíkt hefði upplýst málið betur. Hins vegar átti stefnandi þess kost að afla mats sem hann gerði ekki.

Stefnandi gerði athugasemdir við að notkunarskrár vanti að mestu yfir það tímabil sem mestu máli skiptir. Hins vegar bendir ekkert til að starfsmenn stefnda hafi verið að reyna að fela eitthvað og staðfestir matsmaður það.

Að framansögðu er því talið með öllu ósannað að stefndi hafi farið inn á persónulegt tölvupósthólf stefnanda, gudjon@gudjon.is, eða í persónulega möppu í vinnutölvupósthólfi hans hjá stefnda og sótt þar umrædda tölvupósta.

Atburðarásin varðandi þá tölvupósta sem hýstir voru í vefpóstkerfi XA.is hjá Símanum virðist öllu skýrari. Í einum þeirra Hotmail tölvupósta, sem lagðir voru fram í málinu og er frá 1. desember 2008, koma fram notendakenni og lykilorð að tölvupósthólfi allra sjömenninganna á vefpóstsvæði XA.is hjá Símanum. Fram kemur í matsgerð að farið var inn á öll sjö tölvupósthólfín, eitt á fætur öðru, 5. febrúar 2009 og eðlilegt er að álykta að sá sem það gerði hafi nýtt sér notendakenni og lykilorð sem voru í umræddum tölvupósti í Hotmail tölvupósthólfi Guðna Þórs Haukssonar. Einnig kemur fram í skýrslu matsmanns að farið var inn á XA.is vefpóst frá neti stefnda. Telja verður allar líkur á að um sama aðila hafi verið að ræða í öll skiptin, enda farið inn í öll tölvupósthólfín á stuttu tímabili. Útprentanir þeirra tölvupósta bera greinilega með sér að þeir hafi verið prentaðir úr vefpóstkerfi XA.is sem hýst var hjá Símanum. Fyrir utan sjömenningana sjálfa hafa Magnús eða aðrir á vegum stefnda væntanlega verið þeir einu sem vissu notendakenni og lykilorð að tölvupósthólfi stefnanda á vefpóstkerfi XA.is.

Einn tölvupóstur sem lagður var fram með málgögnum er frá Ægi Ármannssyni, fyrrverandi starfsmanni stefnda, úr Gmail tölvupósthólfi hans til tengiliðs hjá EMC. Einnig var reynt að láta líta út fyrir að þessi tölvupóstur hafi átt uppruna í Hotmail tölvupóstkerfi. Í viðhengi með þessum tölvupósti var listi yfir starfsmenn og þau próf sem þeir höfðu náð og tengjast EMC lausnum. Ekki hafa neinar skýringar verið gefnar á því með hvaða hætti stefndi komst yfir þennan tölvupóst og líklegt má telja að átt hafi verið við hann á sama tíma og átt var við aðra tölvupósta. Það hefði ekki verið hægt að nálgast þennan tiltekna tölvupóst úr Hotmail tölvupósthólfi Guðna né vefpósti á XA.is. Af þessu má draga þá ályktun að einhver á vegum stefnda hafi komist yfir fleiri tölvupósta en þá sem lagðir voru fram í þessu máli.

Að öllu þessu virtu verður að telja sannað að einhver á vegum stefnda hafi farið inn á tölvupósthólf stefnanda á vefpóstsvæði XA.is og nálgast þar umrædda tölvupósta og prentað þá út. Óumdeilt er að þetta var einkatölvupósthólf stefnanda. Telja verður að með þessu hafi ekki verið virt sú friðhelgi sem stefnandi nýtur samkvæmt 1. mgr. 228. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 30/1998. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort innihald þessara tölvupósta vörðuðu svokölluð persónuleg einkamál stefnanda eða einhver önnur málefni, enda verður að telja að upplýsingar sem þarna voru, þar á meðal um tölvupóstsendingar úr einkatölvupóst hólfi stefnanda, teljist vera einkamál hans í skilningi lagaákvæðisins, óháð því að hve miklu leyti innihald tölvupóstanna varðaði einkamál hans.

Næst verður þá leyst úr því hvort skilyrði verða talin fyrir því að stefnandi eigi rétt á miskabótum úr höndum stefnda vegna hinnar ólögmetu háttsemi sem að framan

er lýst. Dómurinn telur að í framangreindri háttsemi stefnda hafi falist ólögmet meingerð gegn frelsi, friði, æru og persónu stefnanda í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykir stefnandi því eiga rétt á miskabótum samkvæmt lagaákvæðinu úr höndum stefnda. Þótt stefndi haldi því fram að hann hefði aðeins verið að vernda eigin lögmæta hagsmuni leiðir það ekki til þess að stefnandi hafi fyrirgert rétti til miskabóta úr höndum stefnda samkvæmt ofangreindu lagaákvæði. Hins vegar hefur það áhrif á mat á því hver talin verður hæfileg fjárhæð miskabóta sem næst verður leyst úr svo sem á eftir greinir.

Við ákvörðun miskabóta verður meðal annars að líta til þess að stefndi hafði hagsmuni að verja er hin ólömæta meingerð var framin gegn stefnanda. Við yfirlestur þeirra tölvupósta sem lagðir voru fram í málinu, önnur málsskjöl og vitnisburð þeirra sem fyrir dóminn komu sést að stefnandi og félagar hans sýndu óheilindi gagnvart stefnda, á meðan þeir voru flestir enn starfsmenn þar, og unnu með því gegn hagsmunum stefnda. Stefnandi heldur því fram að svo hafi ekki verið heldur hafi þeir verið óformlega að skoða ýmsa möguleika. Á það er ekki fallist og ljóst að mun meiri alvara hafi legið að baki þeim fyrirætlunum sem koma fram í umræddum tölvupóstum. Í ljósi þessa eru það ekki óeðlileg viðbrögð stjórnenda stefnda að bregðast við á einhvern hátt til að verja hagsmuni stefnda.

Umræddir tölvupóstar voru fyrst lagðir fram í lögbannsmáli stefnda gagnvart stefnanda og fjórum öðrum einstaklingum 10. febrúar 2009, en þeir voru allir hluti af hópi sjömenninganna. Í því máli kannaðist stefnandi ekki við þessa tölvupósta eða innihald þeirra. Síðar höfðaði stefnandi mál gegn stefnda fyrir að hafa með ólögmetum hætti farið í einkatölvupóst sinn á gudjon@gudjon.is og vefpósta á XA.is og lagði þá fram þessa sömu tölvupósta. Fram hefur komið hjá stefnanda og vitnum sem og í málsskjölum að þeir staðfesti efni þeirra tölvupósta sem lagðir voru fram og að ekki hafi verið átt við textainnihald þeirra, með einni undantekningu sem vikið verður að síðar. Ekki hafa komið fram trúverðugar skýringar á því hvers vegna stefnandi kannaðist ekki við efni tölvupóstanna þegar þeir voru lagðir fram í lögbannsmálinu.

Stefnandi telur að stefndi hafi átt við þá tölvupósta sem lagðir voru fram í málinu. Þeir póstar sem prentaðir voru úr vefpósti XA.is bera skýr merki þess hvaðan þeir eru prentaðir og ekkert sem bendir til að átt hafi verið við þá tölvupósta.

Varðandi aðra tölvupósta er ljóst að átt hefur verið við þá, þeir að einhverju leyti klipptir til, lagfærðir og síðan prentaðir út þannig að þar liti út fyrir að um útprentun úr Hotmail tölvupóstkerfi væri að ræða. Telja verður að starfsmenn stefnda hafi staðið að þessum breytingum, að öllum líkindum til að hylja hvernig tölvupóstarnir voru fengnir, væntanlega í miklum flýti því breytingarnar eru nokkuð augljósar. Mikilvægt er þó að horfa til þess að þær breytingar sem gerðar voru á tölvupóstunum áður en þeir voru prentaðir voru eingöngu útlitslegar en efni texta var óbreytt. Líklegt má telja að þeir hafi átt uppruna í Hotmail tölvupósthólfi Guðna Þórs Haukssonar og þeim breytt áður en þeir voru prentaðir út eins og áður hefur komið fram.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda að sami tölvupóstur frá 17. desember 2008 komi fyrir tvisvar og þá með mismunandi viðhengjum, annars vegar stuttum lista yfir heiti helstu EMC viðskiptavina stefnda og hins vegar ítarlegum lista yfir viðskiptavini og viðskiptaupplýsingar sem

vissulega verður að teljast trúnaðarmál. Þetta kemur fram í gögnum málsins og var enn fremur útskýrt nánar í skýrslutökum fyrir dóminum. Stefnandi telur að fyrri listinn sé rétta viðhengið en seinni listanum hafi einhver á vegum stefnda bætt við í þeim tilgangi að það sem stefnandi gerði liti verr út en ella.

Telja verður þessar röksemdir stefnanda hæpnar. Dómurinn telur t.d. mögulegt að þessi tvö viðhengi hafi fylgt umræddum tölvupósti en tölvupósturinn sjálfur, einhverra hluta vegna, verið prentaður tvisvar. Varðandi rök stefnanda, þess efnis að ítarlegi listinn, sem inniheldur viðkvæmar trúnaðarupplýsingar, sé viðbót stefnda og því skjalafals, verður að líta til eftirfarandi tæknilegra atriða. Í haus ítarlega viðskiptamannalistans má sjá heiti hans „Copy of EXA's DELL EMC customer list“ sem er sama skráarheiti og fram kemur í viðhengislinu póstsins: „Attachments: Copy of EXA's DELL EMC customer list.xls (70.1 KB)“. Þetta er einmitt sú virkni sem á sér stað þegar smelt er á „Send“ úr Excel skjali. Líklegt er því að ítarlegi viðskiptalistinn hafi fylgt umræddum tölvupósti. Stærð skjalsins, 70.1 KB, gæti einnig stemmt við umrætt skjal. Ekkert útilokar heldur að sá sem sendi tölvupóstinn hafi bætt öðru viðhengi við tölvupóstinn, t.d. með því að afrita seinna viðhengið inn í tölvupóstinn.

Ljóst er að átt var við töluverðan hluta þeirra tölvupósta sem lagðir voru fram og þeim breytt. Einnig verður að telja hafið yfir vafa að stefndi beri ábyrgð á því. Hins vegar er eingöngu um útlitsbreytingar að ræða og ekki verður séð að stefnandi hafi haft af þessu skaða eða að sá verknaður breyti einhverju varðandi miska hans. Varðandi meinta skjalafölsun vegna viðskiptamannalista, sem stefnandi heldur fram að stefndi hafi bætt við í tölvupóstsendingunni, telst sú staðhæfing stefnanda með öllu ósonnuð samkvæmt því sem að framan greinir.

Stefnandi gerir athugasemdir við að umræddir tölvupóstar voru sýndir einum við skiptavini og telur að stefndi hafi þar með gerst brotlegur. Friðþjófur Bergmann, þá verandi starfsmaður Landspítalans, staðfestir fyrir dóminum að stjórnendur stefnda hafi sýnt honum umrædda tölvupósta og rætt málið við hann. Óumdeilt er að þetta gerðist, en á móti verður að skoða stöðu stefnda og þá hagsmuni sem fyrirsvarsmenn stefndu töldu að þeir þyrftu að verja.

Að öllu þessu virtu þykja miskabætur stefnanda hæfilega ákveðnar 300.000 krónur sem stefnda ber að greiða stefnanda ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þingfestingardegi málsins 30. júní 2009 til greiðsludags.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að stefnandi beri ekki sjálfur kostnað af mála rekstrinum og því eigi hann ekki rétt á málskostnaði úr höndum stefnda. Þessu er mótmælt af hálfu stefnanda með vísan til þess að ekkert annað liggi fyrir en að stefnandi beri málskosnað samkvæmt almennum reglum. Þykir því rétt og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 1.200.000 krónur.

Dóminn kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum Birni Jónssyni, rafmagnsverkfræðingi og tölvunarfræðingi, og Ólafi Róbert Rafnssyni kerfisfræðingi.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Advania hf., greiði stefnanda, Guðjóni Magnússyni, 300.000 krónur ásamt dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verð tryggingu nr. 38/2001 frá 30. júní 2009 til greiðsludags og 1.200.000 krónur í máls kostnað.

Sigríður Ingvarsdóttir

Björn Jónsson

Ólafur Róbert Rafnsson